

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 2. TBL.

28. ÁGÚST 2009

33 starfsmenn hlupu í Reykjavíkumaraþoni

Reykjavíkumaraþon var haldið á laugardaginn var. Starfsmenn Áslandsskóla létu ekki sitt eftir liggja og tóku alls 33 starfsmenn þátt í hlaupinu, sem er yfir hamingur starfsmanna skólans.

Kristín Högnadóttir hljóp heilt maraþon og þær Brynja Björg Bragadóttir og Lovísa Rut Ólafsdóttir hálf t maraþon. Hinir 30 hlauparamir hlupu síðan 10km.

Starfsmenn hlupu til góðs og annað árið í röð var heitið á Íþróttafélagið Fjörð í Hafnarfirði.

Til hamingju Áslandsskóli.



Samráð leik- og grunnskóla

Samráð leik- og grunnskóla er mikilvægt og er það staðfest í bæði lögum um leikskóla og grunnskóla. Á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar er margs konar samráð milli skólastiganna, s.s. samráð fagfólks á skrifstofunni, um skil á 5-6 ára nemendum milli leikskóla og grunnskóla og samstarf um fræðslu, t.d. í verkefnisstjórnun forystuskóla.

Næsta mánudag, 31. ágúst, er boðað til samráðsfundar á Skólaskrifstofunni. Þangað er boðaður fulltrúi frá hverjum leikskóla og grunnskóla hjá bænum. Á fundinum verður farið yfir stöðu á samráði skólanna og velt upp nýjum mögu-

leikum til að efla það samstarf.

Það eru þróunarfulltrúar leik- og grunnskóla sem halda utan um samstarfsfundinn.

Myndin er frá Hraunvallaskóla en þar er bæði leik- og grunnskóli.



Skólaþróun



FRÉTTIR

úr stjórn- kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 24. ágúst
186. fundur:

- Kynntar breytingar á skipan aðal- og varamanna fræðsluráð frá því í vor. Nýir fulltrúar frá Sjálfstæðisflokki komnir. Áheyrnarfulltrúum grunnskólakennara fækkar úr tveimur í einn í samræmi við ný lög.
- Kynning frá Ad Astra um námskeið fyrir bráðgera nemendur. Vísað til skólastjórnenda.
- Kynntar breytingar á framlögum í Námsgagnasjóð en 51% niðurskurður er frá menntamálaráðuneyti.
- Kynnt úttekt menntamálaráðuneytis á fjölgreinabraut í Lækjarskóla.
- Lagt fram erindi með hugmynd að Dale Carnegie námskeiðum fyrir unglina í Hafnarfirði. Vísað til skólastjórnenda.
- Kynntar tvær nýjar reglugerðir um grunnskólastarf.
- Kynnt staða mála hvað varðar gerð viðbragðsáætlunar vegna hugsanlegs inflúensufaraldur.
- Lagt fram bréf frá UNICEF á Íslandi þar sem minnt er á nauðsyn þess að vernda hag barna á krepptímum.



Tilkynning vikunnar

Athygli er vakin á norrænni ráðstefnu um jafnréttisfræðslu í skólum sem haldin verður í Reykjavík 21. – 22. september n.k. Ráðstefnan er kjörin vettvangur fyrir skólafólk og alla þá sem vilja fræða og fræðast um jafnrétti í námi og starfi. Nánar kynnt í næsta **Skólavefriti**.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
4. september 2009

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Leiðrétting frá síðasta blaði. Rangt var farið með síðasta sameiginlega skipulagsdaginn í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar skólaárið 2009-2010. Var hann sagður vera 25. apríl. Hið rétta er að hann er 25. maí 2010 og er það leiðrétt hér með.
- » Margt nýtt efni hefur komið frá Námsgangastofnun og er þetta efni meðal þess: Þrjár kennslubækur í lífsleikni og kennsluleiðbeiningar (á vefinn). Þetta eru **Erta?** Sem er kennslubók í lífsleikni og einnota vinnubók fyrir miðstig og unglingsstig grunnskóla, **Á ferð og flugi í umferðinni** er kennslubók og einnota vinnubók í umferðarfræðslu fyrir miðstig grunnskóla og **Allir spenntir** sem er fjölnota bók til kennslu í umferðarfræðslu fyrir unglingsstig grunnskóla. Út er komin bókin **Sögueyjan 870–1520** sem er kennslubók í sögu fyrir nemendur í 7.–10. bekk grunnskóla og er fyrsta bókin af þremur í bókaflokknum **Sögueyjan** sem Námsgagnastofnun gefur út. Ritróðinni er ætlað að spanna Íslandssöguna frá landnámi til okkar tíma. Annað sögunámsefni er **Miðaldafólk**



á ferð. Þetta er kennslubók fyrir miðstig grunnskóla. Þar er sagt frá ferðum fólks og nokkrum atvikum á seinni hluta miðalda, einkum á tímabilinu 1000–1600. Fylgst með ferðum og samskiptum fólks, einkum á fjarlægum slóðum. Þá eru komnar út stærðfræðibækurnar **Sproti 2a** - kennarabók, **Sproti 2a - nemendabók** og **Sproti 2a - æfingahefti**. Í Sprotu er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir og misþung verkefni. Í öðrum hluta Sprotu eru: nemendabækur 2a og 2b, æfingahefti 2a og 2b, verkefnahefti á vef og kennarabækur 2a og 2b.

Námstefna um leik og leikfangagerð

Föstudaginn 18. september verður haldin námstefna í Gamla Hagkauphúsinu á Garðatorgi í Garðabæ um leik og leikfangagerð sem sérstaklega er ætluð leik- og grunnskólakennurum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Á námsstefnunni verða kynntir ólíkir möguleikar á endurvinnslu efniviðar í leikfangagerð með það að markmiði að vikka út hugsanangang barna. Fyrirlesari er Sudarshan Khanna, sérfræðingur í indverskum alþýðuleikföngum og prófessor í hönnun og yfirmaður leik-

fangahönnunardeildar Þjóðmenningar og hönnunarstofnunar í Ahmedabad á Indlandi. Námstefnan er skipulögð af Hönnunarsafni Íslands og Hafnarborg, menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar í samvinnu við skólaskrifstofurnar í Garðabæ og Hafnarfirði. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni: <http://www.honnunarsafn.is/pages/1840>.

Þátttaka á námstefnunni er ókeypis fyrir kennara og fer skráning fram á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar til



Símenntun

Sigurborgar Kristjánsdóttur, þróunarfulltrúa leikskóla (bogga@hafnarfjordur.is). Skráningarfrestur er til 1. september.



VEFSLÓÐ: <http://www.honnunarsafn.is>

Vefur um læsi og lestrarörðugleika

Lesvefurinn er fræðsluvefur um lestur og lestrarörðugleika, gefinn út með stuðningi menntamálaráðuneytis. Honum er ætlað að veita kennurum, foreldrum og öðrum leiðbeiningar og stuðning um lestrarnám og lestrarörðugleika. Þannig er veitt bæði fræðsla og ráð-

leggingar, t.d. hvert sé hægt að leita til að fá aðstoð varðandi lestrarnám og vanda í lestrarnámi.

Lesstur er undirstaða í flestu námi og sama hvað lært er þarf að hafa vald á lestrar-



Vefhornið

færni. Lesstur er samt flókið fyrirbæri og því nauðsyn að afla sér góðrar þekkingar. Þar er **Lesvefurinn** góð hjálp.



LesVefurinn
um læsi og lestrarerfðuleika

VEFSLÓÐ: <http://lesvefurinn.khi.is/>

